

Nefndasvið Alþingis

Velferðarnefnd

b/t nefndarritara Gunnlaugs Helgason nefndarritara

Austurstræti

150 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2014.

Efni: Frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu (257. mál).

Heyrn ehf. þakkar nefndinni fyrir tækifæri til þess að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Heyrn er fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu sem greinir heyrnarskerðingu og veitir faglega ráðgjöf um meðferð og val á viðurkenndum heyrnartækjum frá Resound í Danmörku sem fyrirtækið getur mælt með og selur. Heyrn veitir einnig ráðgjöf um heyrnarvernd og forvarnir. Undirrituð er framkvæmdastjóri Heyrnar og heyrnarfræðingur með löggildingu sem slíkur í Svíþjóð og býr yfir 12 ára starfsreynslu hér á landi. Undirrituð sinnir allri faglegri greiningu og endurhæfingu sem fram fer hjá Heyrn. Viðskiptavinir Heyrnar, einstaklingar 18 ára og eldri, skipta þúsundum og hafa nýtt sér margvíslega þjónustu Heyrnar, allt frá ráðgjöf upp í reglubundna þjónustu vegna notkunar heyrnartækja. Heyrn hefur átt í samkeppni við Heyrnar- og talmeinastöð Íslands sem hefur bæði sinnt greiningu, heyrnarmælingu og sölu heyrnartækja til einstaklinga 18 ára og eldri með ýmiss konar heyrnarskerðingu. Í ljósi reynslu Heyrnar af þjónustu við fólk með mismikla heyrnarskerðingu hefur Heyrn nokkrar athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp að því er lýtur að þjónustu við þennan hóp. Það vekur reyndar furðu að verkefnisstjórn, sem vann að undirbúningi að gerð þessa frumvarps, hafði ekkert samráð við hagsmunaaðila á einkamarkaði sem hefðu þó án efa fúslega veitt upplýsingar um bæði fagleg og rekstrarleg atriði sem tvímælalaust skipta skjólstaðinga fyrirhugaðrar þjónustumiðstöðvar miklu máli.

Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu er markmið lagasetningarinnar að bæta aðgang notenda að heildstæðri þjónustu og auka þannig gæði og skilvirkni hennar. Heyrn tekur undir mikilvægi þessa markmiðs en leggur ekki mat á hvort sameining ólíkra stofnana sé leið að þessu marki. Heyrn telur hins vegar ljóst að frumvarpið eins og það er þjóni ekki þessum tilgangi að því er varðar þjónustu við heyrnarskerta. Þá telur Heyrn það orka tvímælis að þrátt fyrir markmið frumvarpsins um hagræðingu geri frumvarpið ráð fyrir áframhaldandi samkeppni ríkisins við einkaaðila í heyrnartækjasölu. Heyrnarskertir velja í dag sjálfir hvar þeir kaupa þjónustu, heyrnartæki og eftirfylgni með tækjum. Heyrnarskertir eru ekki frábrugðnir sjónskertum hvað þetta varðar. Þó hefur ríkið aldrei selt gleraugu en selur samt heyrnartæki í samkeppni við einkaaðila. Það er óásættanlegt að frumvarpið taki ekkert tilliti til þeirra breyttu aðstæðna sem blasa við heyrnarskertum hvað varðar þjónustu sérfræðinga, aukið úrval háþróaðra heyrnartækja og möguleikum á sérsniðunum lausnum sem hæfa hverjum og einum. Ef viðurkenna á hlutverk ríkisins í þessum efnum ætti það að takmarkast við heyrnarlausa, daufblinda, fólk með kuðungsígræðslu, einstaklinga með beinheyrnartæki (BAHA) og fjölfatlaða. Ef ríkið takmarkaði sig við heyrnarþjónustu við þessa hópa, en léti af

hefðbundnum heyrnarmælingum og heyrnartækjasölu við einstaklinga eldri en 18 ára, er óhætt að fullyrða að bæta mætti þjónustu við fyrrnefndu hópana.

Í inngangi að athugasemdum við lagafrumvarpið er vísað til skýrslu Ríkisendurskoðunar og skilgreindra þjónustustiga sem þar eru nefnd. Í athugasemdum kemur fram að einungis Heyrnar- og talmeinstöð Íslands veiti þjónustu á öllum þremur þjónustustigum en aðrar stofnanir sem frumvarpið lýtur að veiti þjónustu sem einskorðist að mestu leyti við þriðja stig. Í framhaldinu er fullyrt að ekki sé til að dreifa aðilum sem geta tekið að sér þessa þjónustubætti Heyrnar- og talmeinstöðvarinnar. Þetta er rangt. Einkareknar heyrnarstöðvar geta mjög vel og hafa tekið að sér þjónustubætti fyrsta og annars stigs og létt þannig á álagi á Heyrnar- og talmeinstöð Íslands og sparað ríkissjóði verulega fjármuni. Þær hafa einnig sinnt fólki út á landi mun betur en Heyrnar- og talmeinstöðin. Í þessu ljósi leggur Heyrn til að frumvarpið taki tillit til þessa með því að einskorða starfsemi miðstöðvarinnar við þriðja þjónustustigið eins og nánar verður gert grein fyrir. Ef gera á ráð fyrir að miðstöðinni verði heimilt að veita fyrsta og annars stigs þjónustu verði það þó þannig að hún verði skilgreind sem samkeppnisrekstur. Það mætti rökstyðja með því að slík starfsemi sé tímabundin á meðan er verið að þjónusta þá sem þegar eru með heyrnartæki frá stöðinni og einnig þar til einkaaðilar geta örugglega annað eftirspurn eftir þjónustunni, sem þeir trúlega geta nú þegar

Núverandi fyrirkomulag þar sem verulegur hluti af kostnaði við heyrnartæki hjá Heyrnar- og talmeinstöð er greiddur af ríkinu í formi launa-, húsnæðis-, tækja- og sjúklingatryggingarkostnaðar skekkir alla samkeppni. Mjög líklegt er að ef þessi skekkja hyrfi þá yrði hér heilbrigð samkeppni sem er til þess fallin að lækka verð á heyrnartækjum. Það sem sparast við rekstur stofnunarinnar að þessu leyti mætti nota til að hækka styrk vegna heyrnartækjakaupa til þeirra sem eiga rétt á heyrnartækjum niðurgreiddum af ríkinu.

Rétt er að benda á mikilvægi þess að sérfræðingar með menntun á sviði heyrnarfræða sjái um greiningu, úthlutun og eftirfylgni með heyrnartækjanotkun. Rétt meðferð er forsenda aukinna lífsgæða heyrnarkertra og dregur úr rangri og jafnvel ónauðsynlegri ávísun á heyrnartæki. Félag heyrnarfræðinga hefur barist fyrir því í mörg ár að fá löggildingu hér á landi með sambærilegum hætti og í öðrum Norðurlöndum.

Í V. kafla athugasemda með frumvarpinu, Samráð, kemur fram að sú ábending hafi komið fram að æskilegt hefði verið að sá hluti Sjúkratrygginga Íslands sem heldur utan um úthlutun hjálpartækja rynni inn í hina nýju stofnun. Hér er væntanlega átt við endurgreiðslu vegna kaupa á hjálpartækjum. Ekki kemur fram að hvaða leyti slíkt fyrirkomulag væri æskilegt. Það er hins vegar alveg ljóst að ef hinni nýju miðstöð er ætlað að vera í samkeppni við einkaaðila þá myndi það ekki þjóna hagsmunum notenda heyrnartækja, eða annarra hjálpartækja, að miðstöðin hafi forræði á styrkveitingum vegna hjálpartækja. Slíkt fyrirkomulag yrði í öllu falli að vera hafið yfir allan vafa um að notendurnir fái sjálfir að velja við hvern þeir versla.

Vert er að hafa í huga, í ljósi þess að íslensk heilbrigðisþjónusta er gjarnan borin saman við sambærilega þjónustu í nágrannalöndunum, að fyrrnefnd þjónusta og úthlutun heyrnartækja er í auknum mæli að færast frá ríki yfir til einkarekinna fyrirtækja í Danmörku og Svíþjóð.

Nánar tiltekið gerir Heyrn athugasemdir við eftirfarandi lagagreinar frumvarpsins:

3. gr.

Heyrn leggur til að skilgreind verði þjónustustig fyrir alla hópa sem sækja þjónustu til miðstöðvarinnar, þ.á.m. fyrir þá sem þurfa sérþjónustu vegna heyrnar- og talmeina. Þannig má einfalda starfsemi stöðvarinnar og ná því jafnræði sem Ríkisendurskoðun hefur bent á að þurfi

að auka milli þeirra sem fá þjónustu. Þetta er einnig í samræmi við meginatriði frumvarpsins eins og kemur fram í fylgiskjali frá Fjármála- og efnahagsráðuneyti, skrifstofu opinberra fjármála, bls.17: „Frumvarpinu er í meginatriðum ætlað að samræma þjónustuna eins og kostur er og fella í heildstætt form þá þjónustu sem miðstöðin kemur til með að veita fremur en að bæta nýjum verkefnum við starfsemina.“

Lagt er til að við greinina verði bætt eftirfarandi lið:

19. Þjónustustig:

1. stig, grunnþjónusta: Felur í sér greiningu og viðbrögð við algengum vandamálum á vægu stigi. Lögð er áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir s. s. fræðslu um sjón- og heyrnarvernd og almenna liðveislu og heimaþjónustu við fatlaða.

2. stig, ítarþjónusta: Felur í sér greiningu og íhlutun ýmissa sérfræðinga, á sviði fatlana þar sem sérhæfingar er krafist, s.s. sérfræðilækna, heyrnar-, sjón- og talmeinafræðinga, félagsráðgjafa og sjúkra- og þroskaþjálfara. Undir þetta stig falla heyrnarskertir einstaklingar 18 ára og eldri sem hafa tónmeðalgildi á betra eyranu ≥ 30 dB < 70 dB við tíðnina 0,5, 1,0, 2,0 og 4,0 kHz.

3. stig, sérþjónusta: Er veitt á sérhæfðum stofnunum og er fyrir þá sem þarfnast sérhæfðari þjónustu en unnt er að veita á 1. og 2. stigi vegna þroskaraskana, fötlunar eða félagslegs vanda og er hún veitt á landsvísu.

4. gr.

Mikilvægt er að miðstöðin einbeitti sér að þeim einstaklingum sem þurfa á mestri sérhæfðri þjónustu að halda og sá hópur fái þannig sem mestan stuðning frá ríkinu. Með þetta að markmiði er lagt til að samkeppnisrekstur verði skilinn frá öðrum rekstri í samræmi við 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Deild sem veitir 1. og 2. stigs þjónustu væri með sambærilega stöðu og sjúkrahúsapótek hafa í samkeppnisréttarlegu tilliti. Eins og áður er rakið þá er það rangt sem fram kemur í almennum athugasemdum og sem ítrekað er í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins, að Heyrnar- og talmeinaastöð Íslands sé eini aðilinn sem sinni skimun og frumathugun vegna heyrnar- og talmeina.

Lag er til að bætt verði inn ákvæðum um þjónustustig í 1. málsgrein og málsgreinin verði eftirleiðis:

Miðstöðin skal sinna greiningu, ráðgjöf, meðferð og eftirfylgni á blindu, sjónskerðingu, daufblindu, heyrnarleysi, heyrnarskerðingu, radd- og talmeinum, einhverfu, þroskahömlun og hreyfihömlun **samkvæmt 3. stigs sérþjónustu** að lokinni frumathugun. **Á miðstöðinni má starfrækja deild til að veita 1. og 2. stigs þjónustu en það telst vera samkeppnisrekstur.** Þá skal hún sinna skimun og frumathugunum á heyrnarleysi, heyrnarskerðingu og talmeinum. Stofnunin skal jafnframt sinna meðferð og ráðgjöf til einstaklinga með framangreindar skerðingar og til fjölskyldna þeirra auk þeirra sem eru með sjaldgæfa sjúkdóma og falla undir starfssvið miðstöðvarinnar, m.a. með tilliti til meðferðar, þjálfunar og annars konar ráðgjafar og stuðnings. Meðferð og ráðgjöf skal miða að því að draga úr neikvæðum afleiðingum fötlunar eða langvinnis sjúkdóms með það að markmiði að auka getu einstaklingsins til sjálfstæðis, virkni og samfélagslegrar þátttöku.

Virðingarfyllt,

Ellisif Katrín Björnsdóttir, heyrnarfræðingur og framkvæmdastjóri Heyrnar ehf